



Fundargerð háskólaráðs

255. fundur þann 25. maí 2007

Ingi Rúnar Eðvarðsson varaforseti háskólaráðs setti fund kl. 9:00.

Mættir voru auk hans:

Guðmundur Heiðar Frímansson staðgengill rektors

Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda á símafundi til kl. 10:45

Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara frá kl. 9:30

Fjarverandi:

Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Hermann Óskarsson deildarsorseti heilbrigðisdeildar

Kristján Kristjánsson prófessor og formaður dómnefndar HA

Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri

Bóroddur Bjarnason prófessor

Ingi Rúnar kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 254. fundar

Fundargerð síðasta fundar háskólaráðs var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar – apríl 2007

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar–febrúar 2007. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er um 354,5 m.kr. (33,02% af áætlun ársins) þar af 206,6 m.kr. vegna kennsludeilda.

3. Endurskoðun rekstraráætlunar

Ólafur gerði grein fyrir vinnu við endurskoðun rekstraráætlunar. Framkvæmdastjórn mun fjalla um málið eftir að innritun lýkur í byrjun júní og koma með tillögur fyrir næsta fund háskólaráðs.

4. Gæðakerfi HA

Sigrún Magnúsdóttir kynnti gæðakerfi fyrir háskólann. Gæðakerfið var unnið af Sigrúnu, Kristjáni Kristjánssyni prófessor og Stefáni Jóhannssyni sérfræðingi. Auk þess var fjallað ítarlega um það í gæðaráði. Áætlað er að kerfið verði komið að fullu í notkun á vormisseri 2008.

Háskólaráð þakkaði afar góða vinnu.

5. Fjöldatakmarkanir

Hermann Óskarsson kynnti beiðni heilbrigðisdeildar um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í iðjubjálfun og hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild á vormisseri 2008. Háskólaráð samþykkti að takmarka fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 1. árs í iðjubjálfun í janúar 2008 við 18 nemendur og í hjúkrunarfræði við 48 nemendur.

6. Dómnefndarálit

Kristján Kristjánsson formaður dómnefndar háskólans gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi fjögurra umsækjenda til að gegna tveimur sálfræðistöðum við félagsvísinda- og lagadeild. Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitið.

Einnig gerði Kristján grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi tveggja umsækjenda til að gegna lögfræðistöðum við félagsvísinda- og lagadeild. Hann gerði sömuleiðis grein fyrir svari dómnefndar við athugasemdum annars umsækjanda. Háskólaráð staðfesti dómnefndarálitið.

7. Skýrsla Ríkisendurskoðunar

Lögð voru fram til kynningar drög að skýrslu Ríkisendurskoðunar um kostnað, skilvirkni og gæði háskólakennslu í viðskiptafræði, lögfræði og tölvunarfræði. Jafnframt var lagt fram bréf Guðmundar Heiðars Frímanssonar starfandi rektors þar sem fram koma athugasemdir Háskólans á Akureyri við skýrsluna.

8. Skýrsla nefndar um framhaldsnám

Þóroddur Bjarnason formaður nefndar um uppbyggingu framhaldsnáms við HA gerði grein fyrir skýrslu nefndarinnar. Nefndin var skipuð í nóvember 2006 til að móta tillögur um framtíðarskipulag framhaldsnáms við skólann með það að markmiði að móta skipulag fyrir allar deildir hans. Háskólaráð samþykkti tillögur nefndarinnar og vísaði úrvinnslu þeirra til framkvæmdastjórnar. Háskólaráð þakkaði vel unnin störf.

9. Þekkingarvörður ehf.

Háskólaráð samþykkti eignaraðild að Þekkingarvörðum ehf. Samþykkt var að fulltrúi háskólans í stjórn Þekkingarvarða verði Þorsteinn Gunnarsson rektor og til vara Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri.

10. Önnur mál

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:20.